

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020



Skólaárið 2019-2020

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Meginniðurstöður	3
Inngangur	5
Um Árskóla	6
Skólastefna Árskóla	8
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	9
Sjálfsmat veturinn 2019-2020	11
Innra mat á skólastarfi – starfsfólk	12
Mat á námsmatsgæðagreiini - Árskólagæðagreinir	12
Mat á gæðagreiini 3.1 um velferð, jafnrétti og skóla án aðgreiningar	13
Umbótaáætlun skólaársins 2019-2020 - starfsfólk	13
Innra mat á skólastarfi – nemendur	14
Innra mat á skólastarfi – foreldrar	14
Skólapúlsinn	14
Skólapúlsinn nemendur	15
Skólapúlsinn starfsfólk	18
Skólapúlsinn foreldrar	18
Árleg skimun, starfsfólk	22
Áætlun um sjálfsmat 2020-2023	23
Viðaukar	26
Viðauki I, árleg skimun starfsfólks	27
Viðauki II, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?	28
Viðauki III, námsmatsgæðagreinir - Árskólagæðagreinir	30

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Meginniðurstöður

Skólaárið 2019-2020 starfaði fagmennskuteymi skólans sem hafði sem fyrr því hlutverki að gegna að sjá m.a. um áætlanir um sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* og að hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Hvorki foreldrar né nemendur tóku þátt í mati á skólastarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans þetta skólaárið, en áform eru um að reyna að koma því við árlega.

Sjötta árið í röð var árleg viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í vefkerfi Skólaláupsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Könnun fyrir foreldra var lögð fyrir á þessu skólaári en þar sem svörun var ekki nægileg voru niðurstöður hennar ekki marktækar. Í könnunum Skólaláupsins er hægt er að skoða stöðu í einstökum þáttum skólastarfsins til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísi svo og sjá þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður nemendakönnunar jafnt og þétt yfir skólaárið en hún er lögð fyrir fjórðung nemenda í hverjum árgangi fjórum sinnum yfir skólaárið. Heildarsamantekt nemendakönnunar er sett fram í þessari skýrslu.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Þrátt fyrir að skimunin hafi nýlega verið uppfærð komu fram athugasemdir við framsetningu hennar. Mun hún verða endurskoðuð næsta skólaár. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks og eru þeir dregnir fram í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 65 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Árskóla.

Tveir gæðagreinar voru lagðir til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Annars vegar var um að ræða námsmatsgæðagreini sem kennarar skólans mátu og hins vegar gæðigreini um velferð, jafnrétti og skóla án aðgreiningar sem starfsfólk, annað en kennarar, mat. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

helstu styrkleikar í hverjum gæðagreinum sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur eru umbótaáætlanir kennara og annars starfsfólks birtar í sér köflum í skýrslunni.

Yfirlit matsþátta og einkunnagjöf

Yfirlit einkunnagjafar	
Matsfundur 10. mars 2020	Einkunnir
Námsmatsgæðagreinir	5,5 (yngsta stig) 4,4 (miðstig) 4 (unglingastig)
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5,5,5

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hversrar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatarkerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 - framúrskarandi
Einkunn 5 - mjög gott
Einkunn 4 - gott
Einkunn 3 - fullnægjandi
Einkunn 2 - slakt
Einkunn 1 - ófullnægjandi

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahlads, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahlald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Skotarnir hafa uppfært efnið nokkrum sinnum. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, *How good is our school*, 4. útgáfa. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri 2016 var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstoðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn taka virkan þátt í matsvinnunni. Nemendur taka reglubundið þátt í mati á skólastarfinu. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig tekið þátt í að búa til ný gæðaviðmið um skólastarf með sýn nemenda að leiðarljósi.

Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 366 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 76. Í ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árhátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimál o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðunni, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má t.d. nefna Árskóladaginn þar sem skólinn er opinn fyrir bæjarbúa. Þar kynna nemendur og starfsfólk skólastarfið með fjölbreyttum hætti en stór hluti af þeim degi er jafnframt helgaður því að gefa til baka til samfélagsins með því að safna fyrir góðum málstað. Eins má nefna þorrablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, vinabæ Skagafjarðar, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Erasmus á undanförunum misserum. Ekki náðist að halda í allar hefðir þetta skólaár vegna Covid-19.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefni í *Byrjendalæsi*. Um þessi verkefni má lesa í ársskýrslu Árskóla. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli undanfarin ár sem fyrr en þetta er sjötta skólaárið í röð sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Innra mat með aðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* er traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Öll starfsemi skólans er á einum stað í skólahúsnæði við Skagfirðingabraut. Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldi á hverju stigi fyrir sig, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstaður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, tómstunda- og heilsdagsskóli Árskóla, er starfræktur í húsnæði skólans. Skólalóðin er nýtt til útivistar og önnur rými skólans eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 2. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf
- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

Skólafestna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólafest. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, íslenskri menningu, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og fjölbreytileika.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólafestið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólafestna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólafestnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólafest. Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi og að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluáðferðum, vinna saman í teyllum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stöðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólafest. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í Lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda
- þjálfí hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að *leika* vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að *læra* vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school?* Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku, árin 1999, 2010 og 2016. Nýjasta útgáfan heitir: *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólasterfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

2. Námskilyrði

3. Velgengni og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1 - 6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða *mjög gott*, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólstarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka II.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólstarfinu sem á að meta. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslunni.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Tvö matseyðublöð fylgja hverjum gæðagreini, annars vegar *dæmi um gæðaviðmið* og hins vegar *dæmi um gagnlegar spurningar* sem snúa að gæðagreininum. Ætlast er til þess að skólar meti ýmist gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið og/eða gagnlegar spurningar af matseyðublöðunum til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólstarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka II. Matsaðilar koma sér svo saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins
Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1 - 6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn***, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta***.

Sjálfsmat veturinn 2019-2020

Fagmennskuteymi Árskóla sér um utanumhald á sjálfsmati starfsfólks, nemenda og foreldra. Í því eiga sæti deildarstjórar stiga, fulltrúi kennara á hverju stigi og kennsluráðgjafi. Teymið hefur fundað nokkrum sinnum á þessu skólaári og gert áætlanir um fyrirlögn á mati á skólastarfinu. Það tókst einungis að halda einn matsfund á þessu skólaári vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Eftir matsfundinn tók kennsluráðgjafi saman niðurstöður og deildi með teyminu. Á fundum teymisins var farið yfir niðurstöður og brugðist við þeim eins og við á. Teymið sér því um að fylgja umbótaáætlunum eftir og skila niðurstöðum aftur út til nemenda og starfsfólks til úrvinnslu eins og við á. Námsmatsgæðagreinarnir voru uppfærðir á skólaárinu og sameinaðir í einn gæðagreini. Það var gert í samræmi við drög að framtíðarstefnu um samræmt námsmat

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

sem starfshópur á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis vann að og skilaði til ráðherra vorið 2020.

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2019-2020:

Matsfundur starfsmanna 10. mars 2020
Námsmatsgæðagreinir
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

Innra mat á skólastarfi – starfsfólk

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 10. mars:

Matsfundur 10. mars 2020	Einkunnagjöf
Námsmatsgæðagreinir	5,5 (yngsta stig) 4,4 (miðstig) 4 (unglingastig)
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5, 5, 5

Mat á námsmatsgæðagreiðni - Árskólagæðagreinir

Gæðagreinirinn var metinn af fimm hópum kennara og stuðningsfulltrúa. Hóparnir voru stigskiptir. Hér verða dregnir fram helstu styrkleikar eftir stigum að mati þátttakenda. Á öllum stigum er starfsfólk sammála um að styrkleikarnir felist í fjölbreyttum námsmatsaðferðum. Á yngsta stigi er tekið fram að niðurstöður séu nýttar til að greina þarfir einstakra nemenda. Á miðstigi eru styrkleikar fólgnir í því að einstaklingsáætlunum sé framfylgt með markvissum hætti og hugað að námsgengi nemenda alla skólagönguna og til framtíðar litið. Einnig er tekið fram að námsmat taki mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Á unglingsstigi eru matsaðferðir sömuleiðis taldar vera fjölbreyttar, að unnið sé eftir hæfniviðmiðum og nám sé einstaklingsmiðað.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Mat á gæðagreiini 3.1 um velferð, jafnrétti og skóla án aðgreiningar

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna, annarra en kennara. Starfsfólk Árskóla er sammála um að tillit sé tekið til fjölbreytileikans, vel sé staðið að jafnréttismálum og skólinn sé án aðgreiningar. Unnið er samkvæmt reglum, reglugerðum og samþykktum um skólastarf án aðgreiningar. Starfsfólk skólans telur sig vera meðvitað um jafnrétti og þarfir einstakra nemenda.

Umbótaáætlun skólaársins 2019-2020 - starfsfólk

Námsmatsgæðagreinir
Hvað þarf að gera?
Yngsta stig:
Meiri eftirfylgni og aðstoð til að tryggja betri árangur nemenda.
Þjálfa hæfni nemenda til að veita jafningjamat, meta eigin hæfni og leggja til leiðir til umbóta.
Nemendur velti reglulega fyrir sér námi með kennurum og setji sér markmið.
Gæta að því að niðurstöður úr námsmati sýni á skýran hátt námsstöðu hvers og eins.
Miðstig:
Skoða leiðir til að meta ástundun nemenda og samræma á milli stiga/kennara.
Kennarar og stuðningsfulltrúar á miðstigi leggja til að hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla verði endurskoðuð hjá MMS. Fagmennskuteymi skólans sjái um að koma erindinu á framfæri.
Auka úrræði fyrir bráðger börn.
Virk endurgjöf til nemenda mætti vera markvissari.
Unglingastig:
Þrýsta á Menntamálastofnun að breyta námsmati á þann hátt að námsmatskvarðinn verði aftur settur fram í tölustöfum.
Leggja kannanir fyrir kennara, nemendur og foreldra/forsjáraðila og athuga afstöðu þeirra til námsmats í núverandi mynd.
Búa til aðgengilegt og skilvirkt verkfæri sem nemendur geti notað við eigið mat á námi og í jafningjamati.
Búa til aðgengilegt og skilvirkt verkfæri sem nemendur geta notað við markmiðssetningu í námi sínu.
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Hvað þarf að gera?

Forsjáraðilar og nemendur fræðist um jafnrétti og skóla án aðgreiningar til að bæta skólabraginn og samskipti nemenda.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði kynntur fyrir nemendum og starfsfólki.

Innra mat á skólastarfi – nemendur

Á þessu skólaári reyndist ekki unnt að vinna að mati á skólastarfinu með nemendum.

Innra mat á skólastarfi – foreldrar

Foreldrar tóku ekki þátt í mati á skólastarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans þetta skólaárið.

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, fimmta árið í röð. Foreldra- og starfsmannakönnun eru lagðar fyrir annað hvert ár að jafnaði. Í ár var foreldrakönnun lögð fyrir í febrúar 2020 og gert er ráð fyrir að starfsmannakönnun verði lögð fyrir á næsta skólaári. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Sveitarfélagið Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalnúkvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og ýmist með **grænum stöfum +** eða **rauðum stöfum -**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 60%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [hér](#).

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Árskóla fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og maí. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirlögn. Alls voru 187 nemendur skráðir til þátttöku í könnuninni, svarhlutfall var 94,7%. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Fjórði lykilþátturinn er *opin svör*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu sem taka þátt í Skólapúlsinum. Einnig sýna niðurstöður þróun á milli skólaára á viðhorfum nemenda innan Árskóla á skólastarfinu.

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Nú er settur fram í fyrsta skipti liðurinn **breyting**, sú tala sem birtist þar greinir frá breytingu á mælingum á niðurstöðum nemendakönnunar innan skólans nú miðað við þegar könnunin var síðast lögð fyrir. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

1. Virgni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,4	169	-0,3	4,7	14.969	-0,3
1.2. Þrautseigja í námi	4,4	173	-0,3	4,8	15.011	-0,4*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,9	174	0,0	5,0	15.274	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	174	-0,1	4,8	15.270	-0,3*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	174	-0,0	4,8	15.026	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,5	174	-0,1	4,7	15.263	-0,2

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Í floknum *virgni* nemenda mælast viðhorf nemenda nú almennt undir landsmeðaltali miðað við niðurstöður síðasta skólaárs. Þátturinn *ánægja af lestri* mælist rétt undir landsmeðaltali og hefur farið örlítið niður á við á milli síðustu tveggja skólaára þegar niðurstöður innan skólans eru bornar saman. Tveir þættir af sex, *þrautseigja í námi* og *áhugi á náttúrufræði*, mælast marktækt lakari en í viðmiðunarskólunum og hafa jafnframt farið örlítið niður á við miðað við niðurstöður skólans á milli ára. Þættirnir *áhugi á stærðfræði* og *trú á eigin vinnubrögðum í námi* mælast rétt undir landsmeðaltali en séu niðurstöður innan skólans skoðaðar á milli ára kemur í ljós að þeir hafa staðið í stað frá síðustu mælingu Skólapulssins. Þátturinn *trú á eigin námsgetu* mælist einnig rétt undir landsmeðaltali og hefur þokast örlítið niður á við þegar samanburður á milli mælinga innan skólans er skoðaður.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssálit	4,4	174	0,0	4,5	14.993	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	174	0,1	4,6	14.973	-0,1
2.3. Vellíðan	4,8	174	-0,1	4,6	15.203	0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	39	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,3	174	0,0	5,4	15.178	-0,1
2.6. Tíðni eineltis	9,8%	17 _{/174}	-4,3%	12,5%	1915 _{/15123}	-2,7%
2.7. Staðir eineltis	-	17	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	44,8%	78 _{/174}	-4,9%	45,6%	6657 _{/14780}	-0,8%
2.9. Holt mataræði	4,2	173	-0,2	4,7	14.912	-0,5*

Í floknum *líðan og heilsa* mælast þættirnir *sjálfssálit* og *stjórn á eigin lífi* örlítið undir landsmeðaltali. Þátturinn *sjálfssálit* hefur staðið í stað á milli síðustu tveggja mælinga en bilið á milli samanburðar við landsmeðaltal hefur minnkað þar sem niðurstöður á landsvísu hafa farið niður um 0,2 stig frá síðustu mælingu. Þátturinn *stjórn á eigin lífi* hefur þokast örlítið upp á við séu niðurstöður innan skólans á milli ára skoðaðar. Þátturinn *vellíðan* mælist örlítið hærri en í viðmiðunarskólunum og hefur haldist nokkuð stöðugur séu niðurstöður innan skólans skoðaðar, allt frá fyrstu fyrirlögn. Á landsvísu hefur þróunin legið örlítið niður á við í þessum matsþætti.

Einelti mælist undir landsmeðaltali nú í ár og jafnframt hefur dregið úr *tíðni* þess miðað við niðurstöður innan skólans frá síðustu mælingu. *Tíðni eineltis* mælist 9,8% í Árskóla sem er - 2,7% lægra en á landsvísu. Sautján nemendur í 6 – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Skólapúlsinum þar af sex á sl. 30 dögum. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Samkvæmt Olweusaráætluninni væri skilgreining á niðurstöðu Skólapúlsins því sú að ellefu nemendur hafi verið lagðir í einelti.

Nemendur Árskóla hreyfa sig örlítið minna en nemendur í þátttökuskólunum samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar en tæp 45% nemenda hreyfa sig að jafnaði tvisvar sinnum í viku eða oftar. Aðeins hefur dregið úr tíðni hreyfingar hjá nemendum í Árskóla séu niðurstöður innan skólans bornar saman á milli síðustu tveggja mælinga. Samkvæmt niðurstöðum hreyfa nemendur í 6. og 7. bekk sig meira en nemendur á unglingsstigi og sömu sögu er að segja á landsvísu. Þátturinn *hollt mataræði* mælist nú marktækt undir landsmeðaltali um sem nemur 0,5 stigi. Séu niðurstöður innan skólans rýndar þá hefur jafnframt dregið úr hollu mataræði hjá nemendum á milli ára. Í matsþættinum eru nemendur spurðir um mataræði sitt m.a um hversu oft á sl. 7. dögum þeir borði tiltekna fæðutegundir s.s. ávexti og grænmeti.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	172	-	5,0	14.909	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	172	-0,1	4,9	15.134	0,2
3.3. Agi í tímum	4,5	171	0,0	4,9	15.129	-0,4*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,0	172	-0,2	5,1	15.102	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,9	172	-	5,0	15.089	-0,1

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist þátturinn *samsömun við nemendahópinn* við landsmeðaltal. Matsþátturinn hefur tekið breytingum frá síðustu fyrirlögn könnunarinnar, matsþáttum hefur verið fækkað úr átta í fjóra og því er ekki gefinn upp niðurstöðutala í liðnum *breyting*. Þátturinn *samband nemenda við kennara* mælist hærri en landsmeðaltal og hefur sú þróun haldist sl. fjögur ár. Þátturinn *agi í tímum* mælist marktækt undir landsmeðaltali en hefur mælst stöðugur innan skólans á milli tveggja síðustu mælinga. Þátturinn *virk þátttaka nemenda í tímum* mælist örlítið lægri í Árskóla en í viðmiðunarskólunum en breyting á milli ára innan skólans gefur til kynna að örlítið hafi dregið úr virkni þátttöku nemenda í tímum að mati þeirra.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Þátturinn *tíðni leiðsagnarmats* er nýr í könnuninni, þar eru nemendur beðnir um að taka afstöðu til þriggja fullyrðinga um endurgjöf kennara. Samantekt á niðurstöðum þessa matsþáttar mælist örlítið undir landsmeðaltali.

Skólapúlsinn starfsfólk

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu. Ráðgert er að könnunin verði næst lögð fyrir á skólaárinu 2020-2021.

Skólapúlsinn foreldrar

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Árskóla í febrúar 2020. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum á landsvísu sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir að gerð og staðsetningu. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Árskóla var 64,7% eða samtals 130 foreldrar/forsjáraðilar. Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum, þeir eru: *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf, heimastuðningur og opin svör*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismörgum matsþáttum en í heild eru spurningarnar 70 talsins.

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Nú er settur fram í fyrsta skipti liðurinn **breyting**, sú tala sem birtist þar greinir frá breytingu á mælingum á niðurstöðum foreldrakönnunar innan skólans nú miðað við þegar könnunin var síðast lögð fyrir (árið 2017).

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,7	69	-0,5	5,2	2.573	-0,5*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	90,8%	59 _{/65}	0,1%	92,5%	2236 _{/2405}	-1,7%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	85,5%	59 _{/69}	-10,3%	85,3%	2150 _{/2506}	0,2%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	71,0%	44 _{/62}	-10,1%	72,6%	1794 _{/2397}	-1,6%

Í floknum *nám og kennsla* mælist þátturinn *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum* marktækt undir landsmeðaltali, munurinn telst þó ekki vera mikill. Meirihluti foreldra/forsjáraðila eða um 90,8% þeirra segja skólanum vera ýmist *mjög vel* eða *frekar vel* stjórnað. *Ánægja foreldra með stjórnun skólans* mælist hins vegar rétt undir landsmeðaltali en

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

hefur staðið í stað innan mælinga skólans frá síðustu fyrirögn foreldrakönnunar (2017). Um 85,5% foreldra/forsjáraðila segja að verkefnið sem barnið fær í skólanum séu *hæfileg að þyngd*. Rúmlega 70% foreldra/forsjáraðila segja *hæfilegan aga í skólanum*, matsþátturinn mælist örlítið undir landsmeðaltali og hefur einnig farið niður á við milli síðustu tveggja mælinga sem nemur u.þ.b. tíu prósentustigum.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,3	83	0,4	5,0	2.470	0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	89,4%	59 _{/66}	-5,3%	88,7%	2207 _{/2455}	0,7%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	88,6%	62 _{/70}	-9,3%	91,5%	2386 _{/2583}	-2,9%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	88,6%	62 _{/70}	-7,3%	90,6%	2360 _{/2569}	-2,0%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	84,3%	59 _{/70}	-11,5%	90,3%	2316 _{/2540}	-6,0%*
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,3%	7 _{/68}	1,0%	8,9%	215 _{/2548}	1,4%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	42,9%	3 _{/7}	-37,1%	59,5%	216 _{/364}	-16,6%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	42,9%	3 _{/7}	-43,8%	55,2%	202 _{/357}	-12,3%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	83,3%	40 _{/48}	-5,3%	82,3%	1301 _{/1548}	1,0%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,3	8	0,5	1,4	401	-0,1
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	8	-	-	-	-

Í flokknum *velferð nemenda* mælast fjórir þættir jákvæðari en í viðmiðunarskólunum en marktækur munur mælist þó ekki. Þátturinn *ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* mælist örlítið hærra en landsmeðaltal og hefur farið upp á við miðað við tvær síðustu mælingar innan skólans. Þátturinn *ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda* mælist örlítið yfir landsmeðaltali en í samanburði á milli síðustu tveggja mælinga innan skólans þá hefur ánægjan minnkað sem nemur fimm prósentustigum. Foreldrar/forsjáraðilar eru spurðir um líðan nemenda að þeirra mati í þremur spurningum þ.e. *líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt*, *líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt* og *líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt*. Í tveimur fyrri spurningunum svara 88,6% foreldra/forsjáraðila að barninu þeirra líði *ýmist frekar vel* eða *mjög vel*. Þessir tveir þættir mælast örlítið undir landsmeðaltali og hafa farið niður á við á milli mælinga innan skólans frá

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

síðustu mælinu (2017). Þriðji matsþátturinn varðandi líðan þ.e. *líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt* mælist hins vegar marktækt undir landsmeðaltali eða sem nemur sex prósentustigum og hefur jafnframt farið niður um 11 prósentustig frá síðustu mælingu skólans.

Að mati foreldra/forsjáraðila er umfang eineltis örlítið meira en í viðmiðunarskólunum. Sjö foreldrar segja að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti á yfirstandandi skólaári. Töluvert hefur dregið úr *ánægju foreldra með úrvinnslu eineltismála og ánægju foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum* milli síðustu tveggja mælinga. *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* mælist hins vegar örlítið meiri en í viðmiðunarskólunum en um 83% foreldra/forsjáraðila segjast vera frekar eða mjög ánægðir með eineltisáætlun skólans. *Meðaltímabil eineltis* að mati foreldra/forsjáraðila mælist örlítið lægra í Árskóla en í viðmiðunarskólunum og hefur dregið úr lengd tímabils miðað við niðurstöður úr síðustu könnun innan skólans, munurinn telst þó ekki vera mikill. Þrír foreldrar/forsjáraðilar segja að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti sem staðið hafi yfir í eitt ár eða lengur.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,7	70	-0,1	5,5	2.533	0,2
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,9	46	-0,6	5,0	1.599	-0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	71,0%	49 _{/69}	7,1%	63,5%	1693 _{/2508}	7,5%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	20	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	77,2%	44 _{/57}	4,1%	76,3%	1800 _{/2281}	0,9%
3.6. Notkun á mötuneyti	87,1%	61 _{/70}	-10,8%	91,3%	2369 _{/2572}	-4,2%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	0%	0 _{/9}	-	4,8%	13 _{/201}	-4,8%

Í flokknum *aðstaða og þjónusta* kemur fram að *ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum* mælist örlítið hærri en hjá viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu* mælist örlítið minni en í viðmiðunarskólunum en munurinn telst ekki vera mikill. Jafnframt hefur *ánægjan* farið niður á við á milli mælinga en munurinn telst þó ekki vera mikill. *Hlutfall þeirra nemenda sem nýta tómstundaþjónustu* er hærra í Árskóla en hjá viðmiðunarskólunum sem nemur 7,5 prósentustigum. Fram kemur í svörum foreldra/forsjáraðila að þeir eru örlítið ánægðari með *máltíðir í mötuneytinu* heldur en foreldrar í viðmiðunarskólunum. Færri

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

nemendur nýta þjónustu mótuneytisins heldur en í viðmiðunarskólunum og hefur notkunin minnkað hlutfallslega um tæp 11 prósent frá síðustu mælingu árið 2017.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,3	81	0,2	5,0	2.478	0,3
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	61,6%	45 _{/73}	-9,3%	62,0%	1418 _{/2189}	-0,4%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	77,6%	45 _{/58}	7,6%	69,6%	1350 _{/1895}	8,0%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	64	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	45	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	95,1%	77 _{/81}	-1,8%	95,0%	2361 _{/2488}	0,1%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	85	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	60,6%	43 _{/71}	6,2%	59,7%	1318 _{/2219}	0,9%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	88,2%	60 _{/68}	-2,6%	88,4%	1806 _{/2056}	-0,2%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	82,5%	66 _{/80}	-7,1%	81,7%	1998 _{/2448}	0,8%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	77,6%	52 _{/67}	-3,6%	75,6%	1957 _{/2522}	2,0%

Í flokknum *foreldrasamstarf* mælist *frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi* að mati foreldra/forsjáraðila nú rétt ofan við landsmeðaltal. Örlítið færri foreldrar telja að þeir hafi *áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi nemendur* miðað við foreldra barna í viðmiðunarskólunum. Fleiri foreldrar/forsjáraðilar í Árskóla, eða 77% þeirra, segja *leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina* miðað við 69,6% foreldra/forsjáraðila í viðmiðunarskólunum. *Ánægja foreldra/forsjáraðila með síðasta foreldraviðtal* mælist örlítið yfir landsmeðaltali en um 95% foreldra/forsjáraðila eru ýmist frekar eða mjög ánægðir með síðasta foreldraviðtal. Svipað hlutfall foreldra/forsjáraðila í Árskóla, segjist *taka þátt í gerð námsáætlunar með barni sínu* miðað við svör foreldra í viðmiðunarskólunum eða rúmlega 60% þeirra. Niðurstöður gefa til kynna að um 88% foreldra/forsjáraðila í Árskóla telji það *mjög* eða *frekar mikilvægt að gera námsáætlun með barni sínu*. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans mælist rétt yfir landsmeðaltali. Foreldrar/forsjáraðilar eru örlítið betur upplýstir um stefnu skólans og námskrá miðað við landsmeðaltal en þátturinn mælist aðeins lægri nú innan skólans miðað við síðustu mælingu árið 2017.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,1	83	-0,3	5,0	2.523	0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,7	82	0,6	4,6	2.506	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	78,8%	63 _{/80}	-1,7%	76,9%	1693 _{/2205}	1,9%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	70,0%	56 _{/80}	16,4%	60,2%	1434 _{/2388}	9,8%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	67,3%	37 _{/55}	4,9%	72,5%	1357 _{/1848}	-5,2%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	20,0%	11 _{/55}	-	15,1%	267 _{/1848}	4,9%

Foreldrar/forsjáraðilar í Árskóla telja sig örlítið meira *virkir í námi barna sinna* heldur en foreldrar í viðmiðunarskólunum. *Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu*, að mati foreldra, mælist örlítið hærrí en í viðmiðunarskólunum. Örlítið fleiri foreldrar/forsjáraðilar meta *heimavinnu hæfilega* miðað við landsmeðaltalið eða sem nemur tæpum tveimur prósentustigum. Foreldrar/forsjáraðilar verja marktækt meiri tíma í að *aðstoða börn sín við heimanám* skv. könnuninni, miðað við viðmiðunarskólana. Um 8,8% foreldra segjast engum tíma verja að jafnaði á degi hverjum í að aðstoða barnið við heimanám, 21,2% foreldra segjast verja minna en 15 mínútum á dag að jafnaði, u.þ.b. 67,5% foreldra segjast verja frá 16 til 60 mínútum að jafnaði á dag og 2,5% foreldra segjast verja meira en 60 mínútum að jafnaði á dag til að aðstoða barnið við heimanám (þ.m.t. heimalestur).

Rúmlega 67% foreldra í Árskóla hafa *væntingar um að börn þeirra ljúki háskólanámi*, það eru aðeins færri foreldrar en í viðmiðunarskólunum eða sem svarar um -5,2%. Sé lítið til mælinga innan skólans í þessum matsþætti hafa *væntingar foreldra um að barn þeirra ljúki háskólanámi* aukist um u.þ.b. 5% frá síðustu mælingu árið 2017. Um 20% foreldra/forsjáraðila í Árskóla hafa *væntingar um að barn þeirra ljúki iðnnámi*, það eru um fimm prósentustigum fleiri heldur en í viðmiðunarskólunum.

Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Skimunin var lögð fyrir í kannanakerfinu Google Forms og var send til þátttakenda í tölvupósti. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar má sjá sundurliðaða einkunnagjöf á einstaka matsþáttum. Einnig er reiknað hlutfall þeirra starfsmanna sem gefa einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum. Þeir þættir sem þarf að huga sérstaklega að skv. niðurstöðum skimunarinnar eru eftirfarandi og má sjá hér á eftir.

Þættir sem mælast hlutfallslega lægri en 80% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum:

- Finna þarf fleiri leiðir til að auka ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu, þessi þáttur hefur staðið í stað á milli síðustu tveggja mælinga.
- Hugsa þarf að gagnsæi og sanngirni við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ráða til að bæta gæði náms og kennslu.
- Skoða þarf aðbúnað og aðstöðu mötuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsal og hreinlætis- og umhverfissjónarmið.
- Auka þarf hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti.
- Skerpa þarf á umhverfissjónarmiðum s.s. flokkun sorps, innkaupum, fræðslu til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd, þessi þáttur hefur þó farið upp á við miðað við niðurstöður árlegrar skimunar frá fyrra skólaári.

Áætlun um sjálfsmat 2020-2023

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrjú úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit (Ágg.). Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Haustönn			
	2.1 Nemendavernd	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Námsmatsgæðagreinar - Ágg.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar
	2.6 Samfella í skólastarfi	Mat nemenda á skólastarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinar Ágg.	3.3 Sköpun og starfshæfni
	2.7 Samstarf	Mötuneytisgæðagreinar - Ágg.	
	2.2 Skólanámskrá		
	2.4 Einstaklingsmiðun		
	3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur		
	Samvirkni kennara - Ágg.		
Vorönn			
	1.2 Forysta í skólastarfi	Viðburðadagar í skólastarfi - Ágg.	Teymiskennsla - Ágg.
	1.3 Breytingastjórnun	Jafnréttisgæðagreinar - Ágg.	
	1.4 Forysta og starfsmannastjórnun		
	1.1 Umbótamiðað sjálfsmat		
	Lestrarstefna Skagafjarðar		
	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinar - Ágg.	Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinar - Ágg.	Mat nemenda á skólastarfi, nemendagæðagreinar - Ágg.
	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Ágg.	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Ágg.	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Ágg.
	Olweusaráætlun - Ágg.		
Kannanir			
Nóv.	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
Okt., des. feb., apríl	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

	fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk
		Skólapúlsinn foreldrakönnun	
	Skólapúlsinn starfsmannakönnun		Skólapúlsinn starfsmannakönnun
Mái	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
Júní			
	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla
	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Viðaukar

Viðauki I árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2020

Viðauki II einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Viðauki III Námsmatsgæðagreinar - Árskólagæðagreinar

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Viðauki I, árleg skimun starfsfólks

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks í maí 2020	1 Óútlægandi	2 Slakt	3 Fúlnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Meðaltal	% með e.t.m. 4-6 2020	% með e.t.m. 4-6 2019
2. Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?	0	1	4	28	23	2	58	4,38	91%	88%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmatið haft áhrif á velgengi og árangur nemenda?	0	2	4	35	16	0	57	4,14	83%	90%
4. Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólastarfinu?	0	0	4	18	39	3	64	4,64	94%	88%
5. Hversu ábyrgir eru nemendur gagnvart námi sínu?	0	7	15	28	9	0	59	3,68	63%	64%
6. Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólaþróunar áhrif á árangur nemenda?	0	0	7	34	17	0	58	4,17	88%	87%
7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannafjörmun í skólanum, m.t.t. vellaðar starfsfólks, faglegar leiðsagnar og stjórnandi starfsmanna?	0	1	9	25	27	3	65	4,34	85%	84%
8. Hvernig metur þú gagnsæi og samskipti við nýtingu og úthlutun fjármagns sem skólinn hefur yfir að ræða til að bæta gæði náms og kennslu?	0	4	14	24	11	2	55	3,87	67%	80%
9. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa vellað nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?	0	0	5	26	31	1	63	4,44	92%	88%
10. Hvernig ábyrgjumst við að stefna skólans skv. skólanámskrá sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólastarfs?	0	0	4	22	29	2	57	4,51	93%	87%
11. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?	0	0	5	19	36	2	62	4,56	92%	93%
12. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?	0	1	8	34	18	1	62	4,16	85%	83%
13. Hvernig nýtum við niðurskiður námsmats í þágu nemenda?	0	0	8	35	15	0	58	4,12	86%	88%
14. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?	0	1	5	29	22	0	57	4,26	89%	92%
15. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þau stuðningsúræði sem skólinn býður nemendum?	0	5	7	24	23	2	61	4,16	80%	85%
16. Hvernig metur þú þátttöku fjölskyldna í skólastarfinu?	0	0	9	35	18	0	62	4,15	85%	75%
17. Hvernig metur þú hversu árangursrík samfélla er í námi nemenda alla skólagönguna?	0	2	10	33	16	0	61	4,03	80%	83%
18. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forstjóraðila?	0	0	5	24	31	3	63	4,51	92%	93%
19. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?	0	3	4	21	32	4	64	4,47	89%	88%
20. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?	0	0	11	34	15	0	60	4,07	82%	69%
21. Hvernig finnst þér skólinn ná að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafæðni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?	0	2	8	32	19	2	63	4,17	84%	78%
22. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?	0	0	5	41	12	0	58	4,12	91%	91%
23. Hvernig eru aðferðir okkar við að meta hæfni nemenda skv. aðalnámskrá grunnskóla?	0	1	7	30	21	0	59	4,20	86%	88%
24. Hvernig sköpum við nemendum tækifæri til að bæta sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?	0	0	11	23	22	2	58	4,26	81%	87%
25. Hvernig leggjum við áherslu á eflingu lestrar með skýrum markmiðum um kennslu, leiðir og árangur skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?	0	2	5	26	25	1	59	4,31	88%	96%
26. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og samskipti er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?	0	0	8	24	27	5	64	4,45	88%	88%
27. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og óvinnu mála skv. aðgerðasættun skólans gegn einelti (Olweus)?	0	0	4	27	30	2	63	4,48	94%	92%
28. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd marabons 10. bekkjar?	0	0	4	12	29	15	60	4,92	93%	95%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd fríþargöngu?	0	0	3	9	39	12	63	4,95	95%	95%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þorablóts?	0	0	3	15	34	9	61	4,80	95%	95%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þráttadags?	0	0	3	17	31	8	57	4,70	95%	95%
32. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?	0	1	4	13	25	4	47	4,57	89%	95%
33. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólasíla?	0	0	2	10	37	12	61	4,97	97%	98%
34. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þemadaga?	0	0	6	23	22	2	53	4,38	89%	83%
35. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd áshátíða nemenda?	0	0	5	9	38	9	61	4,84	92%	98%
36. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	4	16	40	2	62	4,65	94%	95%
37. Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðunar nýrrar þekkingar, fagsjónar o.s.frv.)?	0	1	4	24	26	4	59	4,47	92%	92%
38. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	3	11	20	26	2	62	4,21	77%	84%
39. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máttlaða og fjölbreytni í fæðufamboði í mótuneytis skólans?	2	9	15	20	15	0	61	3,61	57%	63%
40. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heildri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	0	13	13	24	13	0	63	3,59	59%	50%
41. Hvaða mat leggur þú á framkvæmd og gagnsemi þróunarverkefna skólaársins?	0	1	5	28	12	0	46	4,11	87%	81%
42. Hvernig líður þér á vinnustöð?	0	0	8	16	34	7	65	4,62	88%	83%

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Viðauki II, einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Viðauki 3: Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu.

Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

Framúrskarandi	Einkunnin <i>framúrskarandi</i> merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
Mjög gott	Einkunnin <i>mjög gott</i> merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
Gott	Einkunnin <i>gott</i> merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stöðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
Fullnægjandi	Einkunnin <i>fullnægjandi</i> merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að veða þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

	<p>neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.</p>
Slakt	<p>Einkunnin <i>slakt</i> merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megi auga á einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.</p>
Ófullnægjandi	<p>Einkunnin <i>ófullnægjandi</i> merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.</p>

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Viðauki III, námsmatsgæðagreininir - Árskólagæðagreininir

gg. Námsmat - Árskóli							
		1	2	3	4	5	6
A	Matsaðferðir eru fjölbreyttar og ná að endurspeglar margvísleg og ólík markmið skólstarfs.						
B	Námsáætlanagerð er hluti af starfinu og í henni kemur fram hver hæfniviðmiðin eru og hvernig þau eru metin.						
C	Námsmatsaðferðir eru samræmdar námsþörfum nemenda og niðurstöður úr námsmati sýna á skýran hátt námsstöðu hvers og eins.						
D	Stuðst er við viðurkennd hæfniviðmið aðalnámskrár þegar ákvarðanir eru teknar um næstu skref. Námsmat er réttmætt og áreiðanlegt og stenst faglegar kröfur skv. aðalnámskrá grunnskóla.						
E	Góður skilningur ríkir um gagnasöfnun og eftirfylgni til að tryggja betri árangur allra nemenda.						
F	Starfsfólk notar niðurstöður úr menntarannsóknunum til að bæta nám og kennslu.						
G	Allir kennarar hafa þróað með sér færni í greiningu gagna sem miða að umbótum.						
H	Starfsfólk skráir, greinir og notar upplýsingar úr námsmati til að greina þarfir einstakra nemenda og hvaða aðstoð þeir þurfa.						
I	Nemendur hafa hæfni til að veita árangursríkt jafningjamat, meta eigin hæfni og leggja til leiðir til umbóta.						
J	Áhersla er lögð á virka endurgjöf þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Endurgjöfin stuðlar að hvatningu til náms og nemendur þannig örvaðir til framfara.						
K	Námsmat veitir nemendum, foreldrum, kennurum og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem hafðar eru að leiðarljósi við skipulag náms til framtíðar.						

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2020

Við álitum einnig að mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi sé að:

M						
N						
O						

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Það sem við þurfum að bæta:

Okkur finnst mikilvægustu þættirnir vera:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan gefum við eftirfarandi heildareinkunn fyrir þennan þátt:						

Nöfn þátttakenda í mati:

Athugasemdir um gæðagreini: